



HÁSKÓLI ÍSLANDS

English below

Doktorsstyrkjasjóður Háskóla Íslands

Doktorsstyrkjasjóður er yfirheiti yfir safn sjóða sem sérstaklega er ætlað að styrkja efnilega stúdenta til doktorsnáms við Háskóla Íslands og efla með því háskólann sem alþjóðlegan rannsóknaháskóla og um leið eftirsóknarverðan kost fyrir doktorsnema.

Doktorsstyrkir verða sem fyrr veittir úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands og Háskólasjóði Eimskipafélags Íslands.

Stúdentar sem uppfylla inntökuskilyrði viðkomandi deildar í doktorsnám og fastráðnir kennarar eða sérfræðingar við Háskóla Íslands, sem ráðnir eru á grundvelli hæfnisdóms og uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til leiðbeinenda [í viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands](#), geta sótt um styrk til sjóðsins. Sjá einnig [reglur um doktorsstyrkjasjóð Háskóla Íslands](#).

Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2021. Umsókn skal vera á íslensku eða ensku og getur verið af þrennum toga:

- **Leið A:** Stúdent og leiðbeinandi sækja til sjóðsins í sameiningu eftir að doktorsnám er hafið.
- **Leið B:** Leiðbeinandi, sem er akademískur starfsmaður við HÍ og uppfyllir framangreindar kröfur, sækir um án stúdents.
- **Leið C:** Umsækjandi sem hefur ekki hafið doktorsnám sækir til sjóðsins. Umsækjandi skal senda inn umsókn um doktorsnám, sem er að jafnaði unnin í samráði við fyrirhugaðan leiðbeinanda, til viðeigandi fræðasviðs samhliða umsókn um doktorsstyrk.
 - Einnig er óskað eftir því að stúdentar eftir leið C fái tvo fagaðila til þess að senda inn umsögn um gæði rannsókna stúdents og getu viðkomandi til að sinna fyrirhugaðri rannsókn. Æskilegt er að annar umsagnaraðilinn hafi tengst lokaverkefni stúdents í framhaldsnámi á háskólastigi. Umsagnir berist beint frá umsagnaraðilum í PDF formi á tölvupóstfangið sverrig@hi.is áður en umsóknarfrestur rennur út.

Umsóknum skal skilað rafrænt. Umsóknareyðublað, reglur um doktorsstyrkjasjóð HÍ, viðmið við úthlutun doktorsstyrkja, leiðbeiningar um útfyllingu eyðublaðs o.fl. [má nálgast hér](#)

Frekari upplýsingar veitir [Sverrir Guðmundsson](#) á skrifstofu vísinda- og nýsköpunarsviðs.



UNIVERSITY OF ICELAND

The UI doctoral grants fund

The UI doctoral grants fund is a collection of funds that are specifically intended to support promising students in their doctoral studies at the University of Iceland and with that strengthening the university as an international research institution and to stimulate research-based postgraduate studies.

Doctoral grants will, as before, be allocated from the UI Research Fund and the Eimskip University Fund

Students and academic staff, that meet the requirements set by the [UI doctoral grants fund's rules](#) and the [UI's standards and requirements for the quality of doctoral programmes](#), are eligible to apply for doctoral grants.

The deadline for applications is January 15th 2021. Applications are to be submitted in Icelandic or English. Applicants select between three application routes:

- **Route A:** Supervisor and student, who has already begun his/her PhD studies, apply together to the fund.
- **Route B:** Supervisor, who is a UI academic employee and meets previous mentioned requirements, applies without a student.
- **Route C:** Applicant, who has not begun his/her PhD studies at UI applies to the fund. Applicant shall submit an application for a UI PhD program, in which is generally prepared in consultation with an intended supervisor, to the relevant UI school in parallel with UI PhD grant application.
 - Students via route C are also requested to arrange for two experts to submit a letter of reference on the quality of the student's research and his/her ability to perform the proposed doctoral research. It is preferred that one of the reviewer is associated with the student's final project in his/her graduate studies. Letters of reference are to be emailed by reviewers in PDF format directly to sverrir@hi.is before the application deadline.

Applications are to be submitted via an online application form provided by the UI doctoral grants fund. [Click here](#) in order to access the application form, UI doctoral grants fund's rules, criteria for evaluation of applications, application form guidelines and more.

For further information please contact [Sverrir Guðmundsson](#) at the Division of Science and Innovation.